

## **Símat á sumarfrístund sumarið 2025**

Samantektin byggir á svörum foreldra við vikulegum símatkönnunum sem sendar voru út á foreldra barna í sumarfrístund í borgarreknum frístundaheimilum. Gagnaöflun stóð yfir frá 12. júní til 27. ágúst.



# Svörun


- Gagnaöflun stóð yfir frá 12. júní til 27. ágúst. Á því tímabili bárust 1561 svör.
- Þar voru 1450 svör sem veittu endurgjöf á sumarfrístund á almennum frístundaheimilum og 111 sem veittu endurgjöf á sérækt starf.
- Þar sem símatið var sent út vikulega kunna sömu foreldrar að hafa veitt endurgjöf oftari en einu sinni yfir tímabilið.
- Fjöldi svara eftir frístundamiðstöð:

| Frístundamiðstöð          | Fjöldi svara sem bárust |
|---------------------------|-------------------------|
| Austurmiðstöð             | 384                     |
| Norðurmiðstöð             | 365                     |
| Suðurmiðstöð              | 341                     |
| Vesturmiðstöð             | 253                     |
| Samrekin frístundaheimili | 107                     |
| Sérækt starf              | 111                     |





# Líðan barna: Líður barninu þínu almennt vel eða illa á sumarnámskeiðinu?


## Reykjavík í heild:



## Almenn frístundaheimili eftir frístundamiðstöðvum:



Svara lýstu því að börnunum á almennum frístundaheimilum hefði liðið mjög eða frekar vel í sumarfrístundinni.




Svara lýstu því að börnum í sérþæku starfinu hefðu liðið mjög eða frekar vel í sumarstarfinu.





# Heildaránægja meðal foreldra: Ert þú sem foreldri ánægt eða óánægt með sumarnámskeiðið?


## Reykjavík í heild:



## Eftir frístundamiðstöðvum:



Svara lýstu ánægju með sumarfrístund á almennum frístundaheimilum



Svara lýstu ánægju með sumarstarfið í sérþæka starfinu.



# Opin svör

**Alls bárust 520 opin svör. Aðalefni athugasemda:**



## Ánægja með starfið, hrós og þakkir fyrir starfið (324 athugasemdir)

- *Dóttir mín var rosalega ánægð í Eldflauginni og rauk af stað alla morgna spennt fyrir deginum.*
- *Þið eruð öll frábær! Við erum mjög ánægð með starfið hjá ykkur og þið standið ykkur rosalega vel :)*
- *Æðislegt, lausnamiðað, jákvætt og skemmtilegt starfsfólk í Álftabæ. Álftabæ er líka vel stjórnað. Ég veit að barnið mitt er öruggt í þeirra höndum og þau bera hans þess fyrir brjósti í allri sinni vinnu. Samstarf og samskipti við foreldra er til fyrirmyndar.*

## Óskað eftir nesti og/eða hádegismat (39 athugasemdir)

- *Erfitt að nesta svona mikið :p*
- *Einhver næring mætti vera innifalin, ávextir e.h. (með tilheyrandi verðhækkun).*
- *Myndi hjálpa fjölskylduskipulaginu mjög vel ef það væri opið til kl. 17 eins og á veturna. Væri gott ef einhver matur væri innifalinn. Sjálfsagt að greiða fyrir það.*
- *Ef það væri hægt að bjóða upp á hádegismat væri þetta 10/10*

## Opnunartími (12 athugasemdir)

- *Mætti opna kl 8*
- *Erfitt að púsla saman að frístundin byrji ekki fyrr en 8.30. Myndi muna miklu ef þau gætu komið 8.15*
- *Myndi henta okkur betur að hafa hana frá 8-16*



# Opin svör

## Aðalefni athugasemda framhald:



### Skráning í sumarfrístund (13 athugasemdir)

- Það þarf að hleypa fleirum að. Skráningakerfið er gallað og hallast að fólki sem að hefur reynslu að hinu hræðilega "glitchy" Völu-kerfi. Ef að fleiri krakkar kæmust að þá myndu foreldrar vera hoppandi kátir.
- Það er leiðinlegt hvað það virðist vera lítil þátttaka hjá eldri börnunum (þau sem eru að klára 3. og 4. bekk) Það hefur áhrif á upplifun hjá mínu barni. Ég varð vör við að það upplifði þínu leiða þar sem það finnst þetta of líkt og hefur verið síðustu tvö árin. Ég held að það mundi hafa áhrif á upplifunina bara að breyta nöfnum og útliti á dagskránni og ef dagskráin gæti að einhverju leiti veirð frábrugðin dagskrá yngri barnanna. Barnið er hins vegar ánægt með það sem er gert ef að það eru einhverjir vinir með.
- Það hefur eflaust komið upp á borð hjá ykkur. En póstarnir sem voru sendir út sem staðfesting á plássi voru ruglandi. Ég sótti um þrjár vikur. Fékk svo þrjá staðfestingarpósta.. nema þeir voru allir um sömu vikuna. Fékk engan póst um að ég væri ennþá á biðlista á hinum tveimur vikunum sem ég sótti um.
- Afskráningartíminn mætti vera styttri

### Önnur atriði – fyrir frístundaheimilin að meta (fáar athugasemdir)

- Tækifæri til að bæta upplýsingagjöf
- Kynna starfsfólk
- Ósátt vegna skyndilegra breytingar á dagskrá
- Almenn ánægja eða óánægja með dagskrá og tillögur að breytingum
- Hávaði, læti og stríðni
- Samstilling við íþróttafélag eða hnippa í barn vegna æfinga